

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 222/2024

2024/EES/92/41

frá 23. september 2024

um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2020/741 frá 25. maí 2020 um lágmarkskröfur vegna endurnotkunar vatns ⁽¹⁾.
- 2) XX. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

SAMÞYKKT ÁKVÖRDUN ÞESSA:

1. gr.

Eftirfarandi er bætt við á eftir lið 13cag (framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/1161) í XX. viðauka við EES-samninginn:

„13cag. **32020 R 0741**: Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2020/741 frá 25. maí 2020 um lágmarkskröfur vegna endurnotkunar vatns (Stjtið. ESB L 177, 5.6.2020, bls. 32).

Ákvæði reglugerðarinnar skulu, að því er samning þennan varðar, aðlöguð sem hér segir:

- a) Í 2. mgr. 11. gr. er orðunum „og, að því er varðar EFTA-ríkin, Eftirlitsstofnun EFTA“ bætt við á eftir orðinu „framkvæmdastjórnin“.
- b) Í 3. mgr. 11. gr. er orðunum „, Eftirlitsstofnun EFTA getur óskað eftir því að EFTA-ríkin séu hluti af yfirlitinu sem tekur til alls Sambandsins“ bætt við á eftir orðunum „yfirlit sem tekur til alls Sambandsins“.

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (ESB) 2020/741, sem verður birtur í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins, telst fullgildur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 24. september 2024, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild Stjórnartíðinda Evrópusambandsins og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 23. september 2024.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Anders H. Eide

formaður

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 177, 5.6.2020, bls. 32.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.